

DAGLEGT LÍF

● Á rúmu ári hafa tæplega 100 manns leitað ráða hjá SÁÁ vegna spilafíknar og 75 farið í meðferð hæfni ● Nota gróðann til að græða meira ● Gróðavonin er blekking, spennan drifkrafturinn

SPILASÝKI

Gullkálfar spilakassanna

ÍSLENSKIR spilafíklar sitja ekki uppabúnir í kjól og hvítu með vinlla og kampavín í glæstum söllum þar sem rúlettan rúllar og stásmeyjar reikna út gróða og tap. Þótt einhverjir hafi efalítið slæðst inn í slík húsakynni einhvers staðar í útlöndum þar sem fjárhættuspil er löglegt segir Sigmar Björnsson, ráðgjafi hjá SÁÁ, að allflestir íslenskir spilafíklar séu fórnarlömb spilakassanna; í sjoppunum, myndbandaleigunum, kvikmyndahúsum, á bensinstöðvunum og jafnvel á vinnustöðum sínum.

Frá ársbyrjun 1996 hafa tæplega eitt hundrað manns leitað ráða hjá SÁÁ vegna spilasyki, þar af hafa um sjötíu og fimm farið í meðferð vegna fíknarinnar. Vísir að slíkri meðferð hófst fyrst árið 1992 undir handleiðslu Péturs Tyrtingssonar, ráðgjafa SÁÁ, en lagðist fljótlega af vegna ónógrar þátttöku í svokölluðum grúppum, sem meðferðin byggðist að mestu leyti á. Tekið var til við þar sem frá var horfið þremur árum síðar, en Sigmar hefur nú haft málefni spilafíklanna á sinni könnu í rúmlega ár.

Viðráðanlegur sjúkdómur

„Spilafíkn er sjúkdómur líkt og áfengissýki og oft helst þetta tvennt í hendur. Um 50% þeirra sem til okkar leita hafa verið í áfengismeðferð. Skýringin kann að hluta til að felast í því að þeir eru upplýstari en aðrir um möguleg meðferðarúrræði og viðurkenna spilafíkn sem sjúkdóm sem hægt er að hafa hemil á,“ segir Sigmar.

Ekki er langt um liðið síðan almennt var litið á áfengissýki sem einskæran aumingjaskap. Upp úr 1970 fóru ýmsir sem höfðu verið ofurseldir fíkninni um árabíl í meðferð og náðu góðum árangri í baráttunni við Bakkus. Margir stóðu keikir á eftir og sumir voru allsendis ófeminnir að koma fram opinberlega og greina frá reynslu sinni að leiðinni til bata. Viðhorfin breyttust hægt og sígandi og núna eru flestir sammála um að meðferð fyrir fíkniefnaneytendur sé úrræði, sem gefi besta raun. En hvernig eru viðhorfin til spilafíknar, í hverju er meðferðin fólgin og er raunhæft að líta á spilafíkla sem sjúklinga?

Sigmar segir stutt síðan vandinn kom upp á yfirborðið, enda hafi spilakassar ekki verið á hverju strái fyrr en hin síðari ár, og of snemmt sé að fullyrða nokkuð um viðhorf almennings. „Þó segir það sína sögu að mörgum spilafíklum, sem ekki þekkja fíkniefnavanda af eigin raun, er meinilla við orðin

Fæstum, sem freista gæfunnar endrum og sinnum í spilakössum, bingóum, happdrættum og getraunaleikjum, verður meint af. Fyrir aðra er þátttaka í slíkum leikjum upphafið að endinum – líkt og þegar áfengissjúklingur tekur fyrsta glasið.

Sigmar Björnsson, ráðgjafi hjá SÁÁ, fræddi Valgerði P. Jónsdóttur um vanda spilasyjúkra og meðferðarúrræði sem þeim og aðstandendum þeirra standa til boða.

spilafíkill og spilafíkn og finnst skömm að slíkri nafngift. Rannsóknir sýna að áfengissýki getur verið líffræðilega arfgeng og persónuleikaeinkenni áfengissjúklinga oft svipuð. Rannsóknir á spilasyjúkum eru of skammt á veg komnar til að hægt sé að alhæfa, en ýmslegt bendir til að fíknin kunni að ganga í erfðir. Sem betur fer eru margar undantekningar á arfgengi áfengissýki. Eðlislæg tilhneiging til að ánetjast fíkniefnum eða fjárhættuspili kemur vitaskuld ekki í ljós hjá þeim sem aldrei láta á slíkt reyna; taka fyrsta glasið eða setja pening í kassann.“

Neðanjarðarstarfsemi

Sjálfur er Sigmar óvirkur alkohólisti til fjórtán ára. Þótt spilakassarnir væru ekki komnir til sögunnar þegar hann var í óreglu komst hann engu að síður í kynni við fjárhættuspil, meira þó sem áhorfandi en þátttakandi. „Þá var spilað upp á peninga í póker, brids, tuttugu og einum og fleiri spilum á ýmsum stöðum, sem fáum var kunnugt um. Slík neðanjarðarstarfsemi tíðkast ennþá og dæmi eru um menn sem eru atvinnufjárhættuspilarar. Gagnstætt spilakössunum veltur gróðinn á hæfni spilamannanna en ekki heppni. Sami kjarninn spilar ár eftir ár og gróðinn er hjá einum í dag og öðrum á morgun. Þeir sem slæðast einstöku sinnum inn til að taka í spil eru nefndir gullkálfar innan hópsins, enda tapa þeir yfirleitt og hinir fá þá meiri peninga til að leggja undir.“



SIGMAR Björnsson, ráðgjafi hjá SÁÁ.

Sigmar telur að spilamennska af þessu tagi hafi tíðkast hjá fámennum hópum um allan tíð skeið og verði trúlega ætíð við lýði. Ásóknin í spilakassana og alls kyns getraunaleiki sé hins vegar mun víðtækara vandamál um þessar mundir. „Miðað við fjöldann sem komið hefur í meðferð er trúlegt að þeir sem eru í fjárhags- og persónulegum þrengingum vegna spilafíknar séu ekki undir þúsund manns og þá eru ótaldir aðstandendur þeirra, sem einnig líða fyrir sjúkdóminn.“

Gamanið kárnar

Sigmar segir að vitaskuld sjái enginn fyrir að verða spilasyjúkur. Margir láti pening í spilakassa og freisti gæfunnar í happdrætti eða getraunaleik án þess að upptækið hafi afgerandi áhrif á líf þeirra. Ef slíkt gerist segir Sigmar hins vegar að gamanið kárnar heldur snögglega, vandamálin hrannist upp þar til þau virðist nánast óyfistíganleg og allt fari úr böndunum; fjárhagurinn, starfið, tengslin við fjölskyldu og vini, andleg og líkamleg líðan, svo fátt eitt sé talið. „Víta-hringur spilafíkla felst í því að þeir geta ekki hætt. Ef þeir græða nota þeir gróðann til að græða meira og tapi þeir er öllum brögðum beitt til

að alla fjár til að freista gæfunnar á ný. Eðki nægir að aðstandendur, læknir, sálfræðingur eða ráðgjafi greini mann spilafíkninn. Aðgerðir þessa fólks nægja ekki til að leysa spilafíkl úr fjötrunum. Spilafíkillinn verður að sjúkdómsgreina sjálfan sig. Hann verður að vera sannfærður um að spilasykin sé rótin að vandamálum hans, því það er einungis undir aðgerðum hans sjálfs komið hvort hann nær bata.“

Í fræðsluriti SÁÁ, Spilafíkn – viðráðanlegur sjúkdómur, eru þrjár spurningar lagðar til grundvallar greiningu á spilafíkn:

1. Hefur þú tekið fé að láni til að stunda fjárhættuspil?
2. Hefur þú einhvern tíma spilað fjárhættuspil og misst af einhverju eða vanrækt eitthvað sem þér er kært eða þér finnst skipta miklu máli?
3. Hefur þér mistekist að draga úr eða hætta fjárhættuspili?

Sá sem svarar einni spurningu játandi er líklegur að hafa eða vera í þann veginn að missa stjórn á spilafýsninni og sá sem svarar tveimur eða öllum spurningum játandi er talinn vera haldinn stjórnláusri spilaáráttu.

„Eina leiðin til bata er að hætta að spila,“ segir Sigmar. „Ögöngurnar, sem menn eru komnir í, eru þó oft slíkar að þeim er allsendis ómögulegt að ráða bug á fíkninni einir og óstuddir. Vinningur er spilafíklum aldrei til góðs, enda snýst fíknin ekki um peninga og ávinning heldur um spennu. Gróðavonin er blekking og spennan drifkrafturinn.“

Meðferðarúrræði

Hjá SÁÁ standa spilafíklum fjögur úrræði til boða. Þeir geta hringt og leitað ráða, komið í viðtöl, hópstarf eða svokallaðar grúppur og GA-samtökin (Gamblers Anonymous eða ónafngreindir fjárhættuspilarar). Slík göngudeildar meðferð er í húsnæði SÁÁ við Síðumúla, en þar hafa GA-samtökin aðstöðu og halda fundi einu sinni í viku. Einnig kemur innlögn á Vog til greina ef sýnt þykir að viðkomandi er mjög veikur og þurfi tíma til að ná áttum.

Þótt orsakir spilafíknar séu um margt óljósar segir Sigmar að þeir hjá SÁÁ hafi talið happadryggt að fara að bandarískri fyrirmynd og byggja meðferðina upp á hópstarfi, grúppum og þátttöku í GA-samtökum, sem starfa í anda AA-samtakanna, með tilheyrandi sporakerfi aðlöguðu að spilafíkn. Líkt og aðstandendum alkohólistar er boðið upp á ráðgjöf og bent á Al-Anon samtökin, geta aðstandendur spilasyjúkra jafnframt leitað ráða hjá



VÍTAHRINGUR

SÁÁ og gengið í sambærileg samtök og Al-Anon, eða Gam-Anon.

Gylliboðin blasa hvarvetna við

Sigmar segir of snemmt að segja til um árangur meðferðarinnar, en margt bendir til að úrræðin reynist vel. „Meðferðin miðar fyrst og fremst að algjöru bindindi. Spilafíkill á aldrei að láta eftir sér að kaupa happdrættismiða, fara í bingó eða taka þátt í leik þar sem von er á vinningi, hversu smávægilegur sem hann kann að vera. Hann þarf að breyta hugsunarhætti sínum og lífsstíl, laga samskipti við annað fólk og læra að vinna úr



streitu og tilfinningum. Mér finnst gylliboðin, sem hvarvetna blasa við, með ólíkindum. Fyrirtæki og stofnanir höfðu í æ ríkari mæli til vonar fólks um skjótfenginn gróða án þess að það þurfi að vinna fyrir honum. Þróuninni verður varla aftur snúið, freistingarnar verða sífellt fleiri og sé ekkert að gert fjölgrar spilafíklum að sama skapi. Opinská umræða um vandann kann þó að opna augu spilasyjúkra og stemma að einhverju leyti stigu við framvindunni.“

Eins dauði er annars brauð, segir einhvers staðar. Í ljósi þess fjölda sem leitar meðferðar vegna spilafíknar er ekki alveg út í hött að

Ge

ÍSFRÆ legur s ir að g reynt a greinis rannsó efnabú hvelan fjárhæ þeir sp truflun sem sk ánetjas mö

rar eða

hvo ein spi

um ke karlm

5. L

6. Sa

7. E

snemm

verid

ðferð ● Gróðinn byggist á heppni en ekki
rinn ● Gylliboðin blasa hvarvetna við



INGUR spilafíkla felst í því að þeir geta ekki hætt að spila.

Morgunblaðið/Kristinn

DAGLEGT LÍF

SAGA PEIRRA

SPILAFÍKILL

Eins og þegar dópistinn fær efnið sitt

HÆSTI vinningur í happdrætti stuttu eftir að hann kvæntist olli engum straumhvörfum í lífi hans. Að vísu keyptu ungu hjónin fín húsgögn, fóru í utanlandsferð og veittu sér ýmislegt sem þau hefðu ella ekki gert. Svavar, eins og hann kys að nefna sig, hélt áfram að vinna mikið, átti fyrirtæki og dró væna björg í bú. „Allt var í lukkunnar velstandi framan af; eiginkona, börn, fallett heimili og fínir bílar. Smám saman komu brestir í hjónabandið, ég átti erfitt með að setta mig við vissat atvik og eftir á að hyggja held ég að ég hafi verið að flýja raunveruleikann þegar ég setti í fyrsta skipti pening í pókerkassa árið 1990 og vann nokkra þúsundkalla.“

Þótt hann væri þá ákveðinn í að spila líka næsta dag óraði hann ekki fyrir að sakleysislegir spilakassar ættu eftir að helta huga hans næstu árin. Í tvö ár spilaði Svavar daglega. Þegar leikurinn stóð sem hæst skuldaði hann 16 milljónir og var flæktur í í alls kyns lygar og blekkingar. „Ég skammaðist mín fyrir sjálfan mig, einangraði mig og fannst ég vera misheppnaður aumingi, sem ekki ætti sér viðreisnar von. Samt gat ég ekki hætt, ég sóttist eftir breyttu ástandi – spennunni. Ég hef hvorki fyrr né síðar upplifað eins geggjada tilfinningu eins og þegar ég var „að vinna“. Líklega er þetta svipað og þegar dópistinn fær efnið sitt. Ég lagði stöðugt meira á mig, hvað sem það kostaði, til að komast í sama ástand aftur og aftur. Öll skynsemi fór fyrir bí, víman helltist yfir mig þegar ég vann 100 þúsund krónur, jafnvel þótt ég væri nýbúinn að tapa 500 þúsund krónum.“

Svavar segist hafa verið fyrirmyndarþarn og unglingur, mikill íþróttagarpur og alltaf með ágætiseinkunnir. „Ég var elstur og foreldrar mínir bundu miklar vonir við framtíð mína. Draumur þeirra um að ég færi í langskólanám urðu að engu þegar ég var sextán ára, fluttist að heiman og bjó í útlöndum um skeið. Þegar heim kom hóf ég iðnnám og gekk allt í haginn. Ég hef aldrei verið óreglusamur og þótt ég hafi verið langt leiddur af spilasýki gætti ég þess að spila aldrei undir áhrifum áfengis.“

Aðstandendur Svavars vissu ekkert um spilafíknina, en undruðust mjög peningabörfina. Hann notaði fyrirtæki sitt óspart sem skálkaskjól og átti greiðan aðgang að bankalánum. En þau dugðu ekki til, vinir og vandamenn voru hvað eftir annað slegnir um lán, hann stal frá konunni og gekk svo langt að falsa undirskriftir foreldra sinna. „Mamma og pabbi voru sannfærð um að ég væri á kafi í eiturfýfjum þegar upp um athæfið komst. Ég var tilneyddur til að segja þeim og eiginkonunni sannleikann. Að hætta spilafíklagaðri ég hann í smáskómmtum, enda ekki tilbúinn að afhjúpa mig alveg. Sem betur fer tókst mér að búa þannig um hnútana að foreldrar mínir biðu ekki fjárhagslegt tjón af.“

Að eigin frumkvæði leitaði Svavar ráða hjá geðlækni eftir tveggja ára stjórnláusa spilaárátta. Þótt ekki ætti hann við áfengisvanda að glíma var honum ráðlagt að fara í þriggja mánaða meðferð með áfengissjúklingum, enda sérstök úrræði fyrir spilafíkla ekki tiltæk. „Meðferð fyrir fíkniefnaneytendur og spilafíkla byggist á sama grunni; að taka einn dag í einu og sporakerfinu. Eftir meðferðina spilaði ég ekkert í um það bil ár, vann mikið, eins og ég hef raunar alltaf gert, og grynkaði heimikið á skuldunum.“

En allt féll í sama farið þegar Svavar taldi sig á grænni grein og ætlaði bara aðeins að prófa. Hann spilaði á hverjum degi, þar til nýverið að hann fór aftur í meðferð. Í millitíðinni skildu hjónin og skuldirnar hlóðust upp. Núna, tæplega færtugur, segist Svavar leggja kapp á að borga spilaskuldir og mæta í grúppur hjá SÁÁ. „Ég er bjartsýnn að eðlisfari, sýti ekki fortíðina, reyni að finna þörf minni fyrir spennu jákvæðan farveg og stefni ótraudur á listnám í Bandaríkjunum innan fárra ára.“

Aðspurður segir Svavar mikinn misskilning að spilafíkn hrjá einungis þá sem orðið hafi undir í lífsbaráttunni. Sjálfur segist hann hafa kynnst jafnt fátíttum sem snillingum og fólki úr öllum stéttum, sem sé ofurselt fíkninni. „Spilakassar og alls kyns gylliboð um skjótfenginn gróða er orðið þjóðarmein. Mér finnst ugðvænleg þróun að beina áróðri og auglýsingum að börnum og unglingum,“ segir Svavar og fullyrðir að 85-90% ágóðans úr spilakössunum komi úr vasa spilasjúkra.

AÐSTANDANDI

Með handtöskuna hvert fótímal á eigin heimili

EFTIR fjórutíu og tveggja ára hjónaband lét Lára, eins og hún verður kölluð hér, loks til skarar skríða og sótti um lögskilnað. Þótt hjónabandið hafi ekki alltaf verið dans á rósum segir hún að spilafíkn eiginmannsins síðastliðin sex ár hafi verið dropinn sem fyllti mælinn. Lára er rúmlega sextug og fyrrum eiginmaður hennar nokkrum árum eldri. Henni finnst einkennileg tilfinning að standa á slíkum tímamótum svona þræfullorðin, eins og hún segir, en því fylgi óumræðilega mikill léttir, enda hafi heimilislífið verið orðið fáránlegur skrípaleikur. „Þótt ég hafi ekki átt auðvelt með að setta mig við framhjáald hans á sínum tíma, sem hafði í för með sér að hann eignaðist barn utan hjónabands, gat ég alls ekki umborið sívaxandi spilafíkn hans. Hann stal frá mér peningum, laug að mér og neitaði öllum ásökunum þegar ég gekk á hann. Mér fannst ég eins og persóna í grátbroslegri bímynd þar sem ég tók handtöskuna mína með mér hvert fótímal á mínu eigin heimili og var alltaf að líta í skartgripaskrínið. Ég fékk mér loks læsta hirslu og og gekk með lykilinn um hálsinn. Ég fylltist stöðugt meiri fyrirlitningu á eiginmanninum, sem mér hafði raunar alltaf þótt veiklyndur og gerði mér æ betur ljóst hvernig eigingirni hans hafði stjórnað mér öll þessi ár. Mér fannst hann eins og fífl og fyrirvarð mig fyrir hann þegar vinkona mín lýsti honum fyrir mér en hún hafði séð hann mäsandi yfir einum spilakassanum. Ég sá hann ljóslifandi fyrir mér; með gleraugun skókk á nefinu og græðgina skínandi úr andlitinu.“

Og Lára er reið, ekki út í allt og alla, ekki út í spilakassana, sem hún segir raunar víðurstyggð, heldur fyrst og fremst eiginmanninn. Hún segir hann þverneita að spilaárátta sé vandamál og engu tauti hafi verið við hann komið um að leita sér ráðgjafar. „Ég gerði mér í fyrstu ekki grein fyrir að slíka aðstoð væri að fá fyrr en bróðir minn benti mér á að fara á námskeið fyrir aðstandendur alkóhólísta en mér var sagt að vandamál þeirra væri af svipuðum toga og aðstandenda spilasjúkra. Í kjölfarið fór ég í viðtöl og núna sækir ég reglulega fundi í GAM-Alanon. Allt þetta hefur hjálpað mér heimikið að ná áttum, en á tímabili fannst mér ég hreinlega vera að sturlast. Hjá eiginmanninum snerist allt um að spila og hjá mér að passa upp á fjármuni og fylgjast með ferðum hans.“

Þau hjónin áttu einbýlishús og voru þokkalega stödd fjárhagslega þegar spilasýkin heltók eiginmanninn. Í GAM-Alanon segist Lára hafa kynnst konum, sem séu mun verr staddar en hún vegna spilafíknar fyrrverandi og núverandi eiginmanna, oft eignalausar og með mörg börn á framfæri. Sem betur fer segir hún hús þeirra hjóna á sínu nafni því ella stæði hún efalltíð slýpp og snauð núna. „Reynsla mín sem aðstandanda spilafíklis er að mörgu leyti ólík reynslu þessara ungu kvenna. Börnin okkar voru fyrir löngu flogin úr hreiðrinu og við hjónin hefðum átt að vera farin að lifa áhyggjulausu lífi þótt minn fyrrverandi hafi átt við heilsuþrest að stríða um árabíl. Þrátt fyrir heilsuleysið komst hann allra sinna ferða og hafði væna vasapeninga. Hann fékk örorkubætur, ýmis viðvik gáfu honum nokkuð í aðra hönd og eignaraðild í fyrirtæki einnig. Samtals hafði hann rúmar sextíu þúsund krónur á mánuði. Framan af fannst mér ekkert athugasvert við að launin mín, um 80 þúsund á mánuði, færu í rekstur heimilisins, viðhald hússins, afmælisgjafir og þessháttar handa börnunum og barnabörnunum. Honum datt aldrei í hug að kaupa molasykur hvað þá annað sem vantaði til heimilisins, heldur hringdi í mig og ég rauk til, eins og auðmjúkur þræll, og keypti það sem hann vanhagaði um. Ég sé núna hve hann gerði út á sjúkdóm sinn og hagaði öllu þannig að ég og allir vorkenndu honum. Núna finnst mér slík framkoma auvörðileg og samúð mín er á þrotum.“

Lára segir að eiginmaðurinn fyrrverandi búi einn, haldi áfram að spila og kvarti sáran við vini og vandamenn yfir illri meðferð á sér að hálfu fýluskjóðunna, fyrrverandi eiginkonu sinnar. Sjálf sér Lára mest eftir öllum árunum og orkunni sem fóru í skrípaleikinn. Hún segir að ástandið hafi gengið mjög nærri sér og núna þurfi hún óendanlega mikinn svefn „... en ég hef fríð í sálinni og verð áreiðanlega óskaplega dugleg þegar ég hef sofíð nægilega.“

Getgátur um orsakir spilasýki

Í FRÆDSLURITI SÁÁ, Spilafíkn – viðráðanlegur sjúkdómur, eftir Pétur Tyrfinngsson, segir að geðlæknar og taugasálfræðingar hafi reynt að rannsaka miðtaugkerfið í fólki sem greinist með spilaárátta. Sumir hafi beint rannsóknunum sínum að heilabylgjum og boðefnabúskap heilans og samhæfingu heilahvelanna. Aðrir hafi rannsakað þá spennu sem fjárhættuspil skapar hjá einstaklingum þegar þeir spila. Markmiðið hafi verið að leita að truflunum eða starfsþáttum í miðtaugakerfinu sem skýri hvers vegna einn sé veikari fyrir að áneftast fjárhættuspili en annar. Enn sé þó illmögulegt að draga ályktanir af þeim fáu rannsóknum sem bendi til sameiginlegra eða algengra persónueinkenna í fari spilafíklis, því ekki sé hægt að segja til um

heimfæra máltekið upp á fjármögnunarleiðir ýmissa góðgerðarstofnana og íþróttahreyfinga, sem afla tekna með spilakössum, getraunaleikjum og alls konar happdrættum. Mörgum finnst skjóta skökku við að starfsemi SÁÁ byggist að hluta á slíkum tekjum þar sem ágóðanum er m.a. varið í að hjálpa þeim sem verða fórnarlömb fíknarinnar. Sigmar víðurkennir að erfitt sé að réttlæta tekjulindina, en bendir á að hlutdeild samtakanna í spilakössum og þvíumlíku skipti ekki sköpum um framboðið og flestir taki þátt í leiknum sér til ánægju og án þess að bera skaða af.

Karlar í meirihluta

Aðspurður hverjir séu líklegastir til að verða „gullkálfar“ spilakassanna segir Sigmar að karlar milli tvítugs og fimmtugs séu yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem komið hafi í meðferð. „Mér finnst of snemma að alhæfa mikið um sameiginleg persónueinkenni spilasjúkra, því fjöldinn er ekki nægur til viðmiðunar. Ef eitt-

26	44	51	66
25	34	54	67
9	28	60	68
2	30	37	74
5	23	38	58
72			

hvað er finnst mér þeim hætta til öfga á mörgum sviðum líkt og áfengissjúklingum. Alla jafna er þetta duglegt fólk, sem sinnt hefur fjölskyldu sinni og starfi af sömu ábyrgð og flestir aðrir áður en það varð ofurselt spilafíkninni. Spilasjúkir beita yfirleitt ekki líkamlegu ofbeldi, en stundum grípa þeir til ýmissa ölöglegra örþrifaræða til að fjármagna fíknina.“

Að sögn Sigmars leita spilasjúkir yfirleitt ekki aðstoðar fyrr en fokið er í flest skjól. Í grófum dráttum segir hann að skipta megi framvindu spilaárátunnar í fjögur þróunarskeið; leit að spennu, – skeið vinninga, eltingaleik, – skeið ósigrar, örvæntingarskeið og vonleysisskeiðið þegar endanlegt hrun blasir við helsjúkum spilafíklum. „Engin töfralausn er til við spilasýki. Batinn er hæg, markviss uppbygging á öllum sviðum.“

hvort þessi einkenni séu fylgikvillar spilaárátunnar eða undanfari hennar.

Bakgrunnur spilasjúklinga

Í ritinu er vitnað í Richard J. Rosenthal, bandarískan geðlækni, sem segir að sjö atriði einkenni mjög lífssögu spilasjúklinga.

1. Saga um áfengissýki eða spilafíkn í fjölskyldunni.
2. Einstaklingurinn elst upp í fjölskyldu þar sem foreldri er sérstaklega gagnrýnið, hafnandi og tilfinningalega fjarlægt.
3. Í fjölskyldunni er áhersla á stöðutákn og gildi peninga ofmetið.
4. Einstaklingurinn er alinn upp í miklum keppnisanda. Þetta á sérstaklega við um karlmenn.
5. Líkamleg vandamál eða truflun í þroska.
6. Saga um ofvirkni í æsku.
7. Einstaklingurinn kynnist fjárhættuspili snemma á ævinni með þeim hætti að það hafi verið mikils metið.